

*Alþingi**Erindi nr. P/13/1550**komudagur 812 1991*

Kópavogi 5. febrúar 1991.

BN/

Í dómi Hæstaréttar Íslands, sem gekk 23. janúar 1991 í málinu:

Ákærvaldið gegn Guðmundi Gunnari Hólmarssyni segir m.a. svo:

"Aðfinnsluvert er að við yfirheyrslur yfir ákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna nokkurra þeirra brota, sem til umfjöllunar eru í máli þessu, hafa ekki verið viðstaddir vottar, sbr. 37. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála."

Í fleiri dómum hafa fallið athugasemdir í sömu átt og vil ég tilfæra hér þátt úr dómi sakadóms Reykjavíkur dags. 26. október 1990 í máli ákærvaldsins gegn Eggerti Eggertssyni:

"Sá háttur við skýrslutökur sem lýst er að ofan er andstaður 37. gr. laga um meðferð opinberra mála, þar sem lagt er fyrir lögreglu að hafa hið fæsta einn greinargóðan og trúverðugan vott við yfirheyrslu sé þess kostur. Gera verður þá kröfu til Rannsóknarlögreglu ríkisins, að þessari lagaskyldu sé sinnt og lögregluskýrslur við rannsókn jafn alvarlegs sakarefnis og hér um ræðir séu teknar á lögformlega réttan hátt. Ber að átelja vinnubrögð lögreglu er lýst er að ofan."

Af þessu tilefni, og þá fyrst og fremst vegna ummæla Hæstaréttar Íslands, leyfi ég mér að óska þess að nú þegar verði efni 37. gr. laga nr. 74, 1974 tekið til sérstakrar umfjöllunar á vegum dómsmálaráðuneytisins og e. a. til

endurskoðunar og endurgerðar.

Lagagreinin er svohljóðandi:

"Við yfirheyrslu, leit, kyrrsetningu muna og aðra rannsókn skal lögreglumaður hafa einn greinargóðan og trúverðugan vott hið fæsta, sé þess kostur."

Hæstiréttur Íslands virðist túlka lagagrein þessa á þann veg, sbr. áður tilvitnaðan dóm, að vottur eða vottar skuli alltaf vera viðstaddir yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins.

Dómari í sakadómi Reykjavíkur virðist telja það lagaskyldu að lögreglan, í öllu falli rannsóknarlögregla ríkisins, hafi vott eða votta viðstadda yfirheyrslu og jafnframt að yfirheyrsla sé ekki lögformlega rétt framkvæmd, ef vottur er ekki viðstaddur hana. Alvarleiki sakarefnis ætti engu að breyta, ef þessi skilningur dómarans væri réttur.

Í frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála, sem liggur fyrir Alþingi, er ákvæði í 2. mgr. 72. gr., er leysa á 37. gr. gildandi laga af hólmi. Ákvæðið er svohljóðandi:

"Við yfirheyrslu og aðrar rannsóknaraðgerðir skal rannsóknari hafa einn greinargóðan og trúverðugan vott, sé þess kostur."

Þetta ákvæði frumvarpsins, sem er flutt í annað sinn, geymir litla sem enga efnislega breytingu á gildandi ákvæði og fátt bendir til þess, að vanta megi æskilegrar umfjöllunar um inntak ákvæðisins, í tengslum við afgreiðslu frumvarpsins, en skýring á því og e.a. breyting virðist nauðsynleg, ekki síst í kjölfar dóms Hæstaréttar Íslands, sem vitnað er til hér að framan. Þar af leiðandi hef ég leyft mér að leita til dómsmálaráðuneytisins með ósk um að á vegum þess verði

ákvæði 37. gr. laga nr. 74, 1974 tekið til sérstakrar umfjöllunar.

Í því sem hér fer á eftir leyfi ég mér m.a. að lýsa viðhorfi mínu til lagagreinarinnar og efnis hennar.

Í umsögn um nýja frumvarpið að lögum um meðferð opinberra mála, sem ég sendi dómsmálaráðuneytinu hinn 17. september s.l., var lagt til, að ákvæði 2. mgr. 72. gr. (37. gr. gildandi laga) félli niður, en í stað þess kæmu ákvæði um votta í þeim köflum frumvarpsins þar sem fjallað er um réttarfarslegar þvingunaraðgerðir eða rannsóknaraðgerðir, enda ekki líklegt að sömu ákvæði eigi að gilda að þessu leyti um allar rannsóknaraðgerðir. Má nefna t.d. að ákvæði um votta við leit þurfa eðli máls samkvæmt að vera sérstök, skýr og afdráttarlaus, en þau geta alls ekki gilt um ýmsar aðrar rannsóknaraðgerðir.

Þá var því haldið fram í umsögninni að ekki væri ástæða til að halda í ákvæðið um að vottar skuli vera að yfirheyrslu lögreglunnar. Bent var á að réttarfarslög og reglur Dana og Norðmanna geyma engin ákvæði um votta við lögregluyfirheyrslur, sbr. þó reglur um tilkvaðningu lögráðamanns og/eða fulltrúa barnaverndarnefnda, þegar við á. Samkvæmt finnskum reglum skal kveðja til vott að yfirheyrslu, óski sá sem yfirheyrður er eftir votti eða vitni að yfirheyrslunni og alltaf skal vottur vera viðstaddur yfirheyrslu á ungmenni innan 18 ára aldurs.

Þótt við höfum sótt ýmislegt á sviði laga, ekki síst réttarfars, til Norðurlandanna ræður það auðvitað ekki úrslitum, að þær þjóðir og reyndar miklu fleiri, hafi ekki ákvæði um votta við lögregluyfirheyrslur í réttarfarsreglum sínum.

Rétt er að huga að því að hverju er stefnt með ákvæðinu okkar um að hafa skuli votta að yfirheyrslu lögreglunnar sé

þess kostur.

Sagt hefur verið, að með réttarfari sé leitast við að tryggja:

1. Að sakamál eða rannsóknarviðfangsefni verði upplýst með skilvirkum hætti.
2. Að borgararnir njóti verndar fyrir ríkisvaldinu.

Hér verður því haldið fram, að ákvæði, sem býður að hafa skuli votta að yfirheyrslum lögreglunnar, sé þess kostur, hljóti að vera ætlað að stuðla að því, að mál verði upplýst með skilvirkum hætti.

- (1) Á stigi frumrannsóknar kann stundum að vera þýðingarmikið fyrir réttarvörsluaðila, ákærvald eða lögreglu, að sem flestir hlýði á skýrslu sakbornings, jafnvel vitnis, þannig að síðar megi kalla þá til vitnisburðar um, hvað sakborningur eða vitni sagði. Á þetta fyrst og fremst við, þegar sakborningur/grunaður játar alvarlegt afbrot og fátt annað bendir á hinn seka. Það virðist því eðlilegt, að þeir sem fara með yfirstjórn frumrannsókna í sakamálum, leggi á það áherslu, að við slíkar kringumstæður verði fleiri en einn viðstaddur yfirheyrslu til þess að tryggja sem best sönnur á efni framburðar.

Víst er, að málum er á hinn bóginn miklu oftast þannig háttað, að talið verður þarflaust, séð frá ofangreindu sjónarhorni, að hafa einhvern annan en yfirheyranda viðstaddan yfirheyrsluna.

- (2) a. Engum ber skylda til þess að gefa skýrslu hjá lögreglunni í sakamáli.

b. Sakborningi/grunuðum er kynnt rækilega að honum sé óskilyt að tjá sig um sakarefnið, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74, 1974.

c. Sakborningur/grunaður má njóta aðstoðar réttargæslumanns/verjanda á öllum stigum máls, sbr. 4. mgr. 61. gr. og 80., 81. og 86. gr. laga nr. 74, 1974.

Þannig verndar réttarfarið borgarana gagnvart yfirheyrslum lögreglunnar með afdráttarlausum hætti.

Ef gengið er út frá því, að niðurstaða könnunar á inntaki 37. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. ummæli í áðurtilvísuðum dómi Hæstaréttar Íslands, verði á þann veg, að vottar skuli alltaf vera viðstaddir yfirheyrslur, sem fram fara í húsakynnum rannsóknarlögreglu ríkisins er líklegt, að slík niðurstaða yrði studd þeim rökum, að reglan væri sett til "að vernda þá, sem yfirheyrðir eru, einkum sakaða menn, gegn harðýðgislegum og óheiðarlegum yfirheyrsluaðferðum (fair play sjónarmið)" (Jónatan Þórmundsson: Opinbert réttarfar 2. hefti 2. útgáfa bls. 149).

Þá vaknar spurning um, hver eða hverjir megi gegna vottastarfi.

Kemur til greina að tveir lögreglumenn séu við yfirheyrslu og annar þeirra teljist vottur? (Við könnun af handahófi í gær kom í ljós að á tiltekinni stundu var verið að yfirheyra á 8 stöðum í húsi RLR. Áttu 16 rannsóknarlögreglumenn að vera bundnir við þessar yfirheyrslur?)

Ber að kalla til fólk af götunni til þess að votta yfirheyrslur?

Ber að ráða fólk til vottastarfa?

Þess má geta í þessu sambandi, að rannsóknarlögreglumenn verða þess iðulega varir í málsrannsóknum, að ýmsir rita nöfn sín sem vottar á skjöl og í bækur án þess að geta borið nokkuð um það, sem vottinum er ætlað að bera, t.d. nafnritun útgefanda að veðskuldabréfi eða það sem fram hefur farið, jafnvel á dómþingi. Hjá rannsóknarlögreglunni er hins vegar lögð á það áhersla, að í áritun rannsóknarlögreglumanna, ef fleiri en einn árita skýrslu, komi glögglega fram hvert hlutverk þeirra eða þáttur var. Rannsóknarlögreglumaður, sem eingöngu er viðstaddur, þegar sakborningur les yfir og undirritar skýrslu sína, tekur þess vegna fram að hann hafi verið viðstaddur, þegar það gerðist.

Rannsóknarlögregla ríkisins eða rannsóknarlögreglustjóri (e.t.v. má nefna dómsmálaráðuneytið og fjárveitingavaldið í þessu samhengi) hefur ekki lagt rannsóknarlögreglumönnum almennt til votta að yfirheyrslum, hvorki aðra rannsóknarlögreglumenn né annað starfsfólk, enda við það miðað að stefnt sé að því að tryggja sönnur á efni frambuðar með því að hafa fleiri en einn viðstaddan yfirheyrslu.

Vinnubrögðin, sem dómstólarnir átelja eða þykir aðfinnsluverð, eins og greint er í upphafi þessa bréfs, eru því alfarið á ábyrgð rannsóknarlögreglustjóra, en samkvæmt lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins lýtur hún yfirstjórn dómsmálaráðherra. Yfirstjórn rannsókna opinberra mála og eftirlit með rannsóknum er hins vegar í höndum ríkissaksóknara samkvæmt 21. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála. Rannsóknarlögreglustjóri má því búast við áminningum eða aðfinnslum frá þeim, þ.e. dómsmálaráðherra eða ríkissaksóknara, vegna ófullnægjandi verka sinna, sbr. þó 188. gr. laga nr. 74, 1974.

Þetta verður mér umhugsunarefni nú á tíma umræðu um

þrjúgreiningu ríkisvaldsins þar sem áhersla er lögð á að einangra hlutverk dómstóla við meðferð dómsvalds, hlutverk löggjafans við löggjafarstarf, um leið og hvers konar opinber sýsla, sem ekki fellur undir dómgæslu eða lagasetningu, þ.m.t. vald til að halda uppi lögum og allsherjarreglu, á að vera í verkahring framkvæmdavaldsins.

Í tengslum við þessar hugleiðingar og til þess að vekja athygli á öðrum sjónarmiðum en fram koma í áður tilvísuðum dómum leyfi ég mér að endingu að leita fanga í bókinni *Criminal Procedure in Scotland: Cases & Materials* eftir Gane & Stoddart, útg. 1983. Í kaflanum *Questioning and Search*, sem hefst á bls. 157 er m.a. fjallað um, hvernig haga megir eftirliti með því að réttilega sé staðið að yfirheyrslum og leit að sönnunargögnum eða öllu heldur, hvernig mögulegt sé að sjá til þess að rannsóknaraðgerðum verði haldið innan löglegra marka. Síðan segir þar orðrétt:

"In England, the view has recently been expressed (*R. v. Sang* [1979]2 All E.R. 1222, per Lord Diplock at p. 1230) that:

"It is no part of a judge's function to exercise disciplinary powers over the police or prosecution as respects the way in which evidence to be used at the trial is obtained by them. If it was obtained illegally there will be a remedy in civil law; if it was obtained legally but in breach of the rules of conduct for the police, this is a matter for the appropriate authority to deal with."..."

Síðar í sama kafla bókarinnar (bls. 162) þar sem fjallað er um "Police questioning and the fairness rule" er reifað málið *Chalmers v. H.M. Advocate*, 1954 J.C. 66. Í því tilviki er tilfærð umfjöllun skosks dómara um rannsóknaraðgerðir lögreglunnar (yfirheyrslur eða viðtöl við ungan sakborning) og segir þar m.a.:

"LORD JUSTICE-GENERAL (Cooper): "...I have sympathy with the police in the difficult position in which they are often placed. We have no power to give instructions to the police, but we have the power and the duty to exclude from the cognisance of a jury evidence which, according to our practice and decisions, is inadmissible; and the police have an interest to know why such decisions are taken...."..."

Ég lýk þessum skrifum með því að ítreka ósk mína um, að dómsmálaráðuneytið taki nú þegar efni 37. gr. laga nr. 74, 1974 til sérstakrar umfjöllunar.

Virðingarfyllst,

Dómsmálaráðuneytið
Arnarhvoli
101 REYKJAVÍK

Afrit sent:
Ríkissaksóknari
Formaður Dómarafélags Íslands